

17.3.2006

Fagnefnd Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar ásamt tveimur gestum, hefur tekið ákvörðun um úthlutun styrkja í fyrri styrkjalotu ársins 2006.

Formaður fagnefndarinnar er Dr. Christian Schoen, forstöðumaður Kynningarmiðstöðvarinnar en að auki sitja í nefndinni þeir Helgi Þorgils Friðjónsson, myndlistarmaður og fulltrúi Sambands íslenskra myndlistarmanna, og Ólafur Kvaran forstöðumaður Listasafns Íslands. Að þessu sinni voru gestir nefndarinnar þau Auður Ólafsdóttir, listfræðingur og Hafþór Yngvason forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur.

Styrkir eru í þremur flokkum; Ferða og dvalar - , verkefna- og útgáfustyrkir.

Vegna fjölda umsókna og einstakra gæða þeirra ákvað fagnefndin að færa einn styrk úr síðari styrkjalotu ársins til þeirrar fyrri.

65 umsóknir bárust og 9 styrkir voru veittir:

Ferða og dvalarstyrkir - 4 styrkir (200.000.- kr. hver)

Bjargey Ólafsdóttir hlaut styrk til dvalar í El Basilisco vinnustofunum í Buenos Aires í Argentínu frá október fram í desember 2006. El Basilisco eru vinnustofur fyrir myndlistarmenn frá Argentínu og erlenda gesti.

Bjargey er myndlistarmaður og ljósmyndari að mennt, hún nam myndlist í Madrid og ljósmyndun og kvikmyndagerð í Finnlandi og Svíþjóð. <http://www.this.is/bjargey>

Ransú hlaut styrk til þátttöku í ISCP - International Studio and Curatorial Program í New York í Bandaríkjunum á tímabilinu frá apríl til október næstkomandi. Ransú útskrifaðist frá AKI - Akademie voor Beeldende Kunst í Hollandi 1995. Hann hefur haldið fjölda einkasýninga á Íslandi og erlendis.

<http://www.this.is/veransu/ransu>

Eygló Harðardóttir og Sólveig Aðalsteinsdóttir deila einum styrki vegna dvalar þeirra í Gumusluk Akademie stofnuninni í Bodrum, Mugla í Tyrklandi í september og október 2006. Gumusluk Akademie stofnunin var stofnuð 1995 í þeim tilgangi að skapa umhverfi fyrir skapandi og gagnrýna hugsun. Í náttúrulegu umhverfi geta myndlistarmenn, ljóðskáld og fræðimenn allsstaðar að úr heiminum stundað skapandi störf við góðar aðstæður.

Eygló hefur haldið fjölda sýninga á Íslandi og erlendis síðan hún útskrifaðist árið 1990 úr AKI - Akademie voor Beeldende Kunst í Hollandi. Eygló vinnur oft staðbundin verk og notar til þess allskyns efni, pappír, ljósmyndir og málverk og efni sem annars eru notuð í byggingariðnaði. <http://this.is/fyll/artists/eyglo>

Sólveig hefur haldið fjölda einkasýninga á 25 ára ferli sínum, all margar þeirra erlendis og eru verk eftir Sólveigu m.a. í eigu íslenskra og sænskra stofnana. Sólveig notar hversdagsleg hráefni í verk sín og fæst við málefni hversdagsins á viðkvæman hátt.

<http://this.is/fyll/artists/solveig>

Verkefnastyrkir - 3 styrkir (200.000.- kr. hver)

Katrín Sigurðardóttir fær styrk vegna einkasýningar sinnar í P.S.1 Contemporary Art Center í Long Island City í New York í Bandaríkjunum.

Katrín er menntuð þar vestra og hefur undanfarin ár verið búsett í New York. Katrín vinnur með smækkaðar eftirmyndir af landslagi og arkitektúr sem oft vísa til heimahaganna. Katrín mun vinna staðbundna innsetningu fyrir P.S.1 Contemporary Art Center í haust.

<http://www.takesyou.to/katrin.sigurdardottir>

Gabríela Friðriksdóttir hlýtur styrk vegna einkasýningar sinnar í Migros Museum í Zurich, í Sviss, í júní og ágúst í sumar, hún mun sýna þar ný verk sem hún hefur í undirbúningi.

Gabríela hefur sýnt á alþjóðlegum vettvangi undanfarin ár, hefur þegar unnið til fjölmargra verðlauna fyrir list sína og er yngst Íslendinga til að taka þátt í Fenejvatvíæringnum fyrir Íslands hönd (2005) <http://www.gabriela.is> og LIST – Icelandic Artnews

Ragnar Kjartansson fær styrk vegna innsetningarinnar “Scandinavian Pain” á Momentum, norrænni samtímalistarhátíð í Moss í Noregi. Innsetningin mun samanstanda af gjörningi, hljóðum, málverkum, teikningum og skúlptúrum. Frá því Ragnar útskrifaðist frá Listaháskóla Íslands árið 2001 hefur ferill hans einkennst af tilraunum í myndlist, tónlist og leiklist. Hann vinnur jafnt sem myndlistar- og tónlistarmaður og lítur á sig fyrst og fremst sem gjörningalistamann. Hann er einnig meðlimur í raftónlistarsveitinni Trabant sem starfar á mörkum rokk-tónlistar og gjörningalistar. Ragnar hefur einnig unnið með myndbönd, málverk og innsetningar sem eru ætíð tengd gerningum hans.

<http://www.this.is/rassi> and LIST - Icelandic Art News

Útgáfustyrkir - 2 styrkir (200.000.- kr. hver)

Birgir Andrésson hlaut styrk til útgáfu bókar um Helga Gunnarsson, bónda í Jökuldal, sem hann umgekkst mikið þegar hann dvaldist á Blindraheimilinu ásamt blindum foreldrum sínum sem barn.

Birgir lítur svo á að návistir við Helga í æsku hafi skipt sköpum í þróun hans sem myndlistarmanns og lítur á Helga sem einn af sínum mögnuðustu kennum og lærifeðrum. Bókin er þannig minning um mann sem að mörgu leyti er undirstaða þess er lítur að myndrænu umhverfi listamannsins.

Áætlað er að bókin komi út í maí næstkomandi í tengslum við yfirlitssýningu á verkum Birgis, í Listasafni Íslands.

FUGL – Félag um gagnrýna list hlýtur styrk til útgáfu á skrá um verkefni FUGLS. FUGL er hópur listamanna sem hefur staðið fyrir sýningum í Reykjavík þar sem valdir listamenn setja upp verk/innsetningar sem á áhrifaríkan hátt setja fyrirvara við list samtímans og eru til þess fallin að vekja umræðu.

Árið 2005 skipulagði FUGL 12 sýningar í klæðskeraverslun Indriða við Skólavörðustíg 10. FUGL hefur ekki fast sýningarrými eins og er, en undirbýr sýningar viðsvegar um borgina á næstunni.

<http://www.fugl.is>